

238. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 23. janúar 2006.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 09:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sat fund til 10:30

Gestir: Bragi Guðmundsson dósent

Halldóra Haraldsdóttir lektor

Ingi Björnsson útibússtjóri Íslandsbanka

Pétur Bolli Jóhannesson deildarstjóri hjá Akureyrarbæ

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 237. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit 2005

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti 2005. Rekstrarkostnaður er 925,36 m.kr. þar af 595,36 m.kr. vegna kennsludeilda og 330,0 m.kr. vegna stoðeilda. Rekstrarhalli ársins er tæplega 47,4 m.kr. eða 5,4% yfir áætlun. Hugsanlega eiga eftir að koma tekjur inn á árið.

3. Rekstraráætlun 2006

Úlfar kynnti rekstraráætlun 2006. Tekjur frá ríkissjóði eru 897,9 m.kr. og aðrar tekjur 93,25 m.kr. Samtals er því gert ráð fyrir 991,15 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð rúmlega 1,049 m.kr. og eignakaup 15,0 m.kr. Rekstrarhalli er þannig áætlaður ríflega 73,024 m.kr. Ófærðar eru tekjur vegna sölu Glerárgötu 36, samtals 30,0 m.kr. Launahækkunar á árinu 2005 og 2006 eru ekki að fullu reiknaðar í fjárveitingum árána.

Úlfar gerði einnig grein fyrir yfirliti um framvindu aðgerðaáætlana sem samþykktar voru á síðasta ári.

Umræðum um rekstraráætlun 2006 var frestað. Rektor og Úlfari var falið að leggja endurskoðaða áætlun fram á næsta fundi að höfðu samráði við aðra stjórnendur í háskólanum og menntamálaráðuneyti.

Fjallað var um skýrslu undirbúningsnefndar um meistaranám í viðskiptafræðum ásamt beiðni viðskiptadeildar um heimild til að hefja meistaranám á haustmisseri 2006. Samþykkt var að meistaranám í viðskiptafræði hefjist frá og með haustmisseri 2007 enda fáist fyrir því heimild menntamálaráðuneytis. Skipulag og fjármögnun námsins verði samkvæmt þeim hugmyndum sem fram komu í skýrslu undirbúningsnefndar.

Úlfar yfirgaf fund.

4. Ráðning framkvæmdastjóra

Samkvæmt samþykktum háskólaráðs var starf framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu auglýst laust til umsóknar með umsóknarfresti til 10. janúar sl. Samkvæmt auglýsingu og starfslýsingu felur starf framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu í sér stjórnun á akademískri starfsemi háskólans og á rekstrarlegum þáttum í starfsemi. Samið var við IMG um að veita ráðgjöf um ráðningu en rektor fer með ráðningarvaldið. Umsækjendur um starfið voru 15 og fór IMG yfir umsóknir og lagði mat á menntun og starfsreynslu þeirra samkvæmt framlögðum gögnum. Í kjölfarið var ákveðið að taka sérfræðiviðtöl við 6 umsækjendur. Fulltrúar háskólaráðs, Þorsteinn Gunnarsson, Baldur Guðnason og Anna Þóra Baldursdóttir, og fulltrúi IMG tóku viðtölin þann 16.

janúar sl. Háskólaráð samþykkti einróma að mæla með því að Ólafur Halldórsson verði ráðinn í starf framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu.

5. Ráðning deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar

Staða deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar var auglýst laus til umsóknar í nóvember sl. Tvær umsóknir bárust um stöðuna. Fyrir fundinum lá bréf frá Elínu Diónnu Gunnarsdóttur staðgengli deildarforseta þar sem segir að deildarfundur félagsvísinda- og lagadeildar hafi fjallað um umsóknirnar 19. janúar sl. og mæli með ráðningu Mikaela M. Karlssonar í starfið. Háskólaráð vísaði ráðningu deildarforseta til rektors.

6. Úthlutun úr Rannsóknasjóði

Ingi Björnsson formaður stjórnar rannsóknasjóðs kynnti úthlutun Rannsóknasjóðs 2006. Til ráðstöfunar voru um 12,5 m.kr. Alls bárust 25 umsóknir fyrir samtals um 17,0 m.kr. Sjóðurinn styrkti alls 21 verkefni af þeim 25 sem sótt var um. Styrkt voru 16 rannsóknaverkefni, 1 ráðstefna og 4 útgáfur rita. Háskólaráð staðfesti úthlutun Rannsóknasjóðs.

7. Tillaga um viðbragðsteymi

Á fundi sínum þann 15. apríl 2005 skipaði háskólaráð starfshóp til að gera tillögu að áfallahjálparteymi við HA. Starfshópnum var ætlað að leggja drög að verklýsingu fyrir slíkt teymi ásamt tillögu að verkaskiptingu og ábyrgð þeirra sem skipuðu teymið og stjórnenda HA. Starfshópurinn hefur lokið störfum og kom Halldóra Haraldsdóttir formaður starfshópsins inn á fund til að gera grein fyrir tillögum hópsins. Háskólaráð lýsti ánægju sinni með skýrsluna og fól rektor að koma með tillögu á næsta fundi að skipan viðbragðsteymis eins og starfshópurinn kys að það verði kallað.

8. Stjórn verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að eftirtaldir fulltrúar verði skipaðir í stjórn Verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar til HA:
Hildigunnur Svavarsdóttir lektor
Hreiðar Þór Valtýsson lektor og útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Akureyri
Þórleifur Stefán Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs, jafnframt formaður stjórnar

9. Fulltrúi HA í stjórn FÉSTA

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að endurskipa Ólaf Búa Gunnlaugsson forstöðumann fasteigna og rekstrar í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til næstu tveggja ára.

10. Fulltrúar í samstarfsnefnd HA

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að eftirtaldir fulltrúar verði skipaðir í samstarfsnefnd:
Hugrún Helgadóttir verkefnastjóri launa
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála
Þórleifur Stefán Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs
Til vara:
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður samskiptamiðstöðvar

11. Vinnuhópur um tungumál

Frestað.

12. Skipulag háskólasvæðisins

Pétur Bolli Jóhannesson kynnti tillögur Akureyrarbæjar að aðalskipulagi bæjarins til 2018. Tillagan verður auglýst á næstunni og reiknað er með að formlegu staðfestingarferli ljúki í maí nk. Háskólaráð þakkaði Pétri Bolla fyrir kynninguna og fagnar þeim tillögum að breytingum á aðalskipulaginu þar sem fram kemur stækkun á svæði háskólans.

Fyrir fundinum lá bréf frá FÉSTA þar sem óskað er eftir samráði við háskólann um deiliskipulag háskólasvæðisins með stúdentagarða og skylda starfsemi í huga. Háskólaráð samþykkti að efna til viðræðna við FÉSTA um heppilega staðsetningu stúdentagarða í tengslum við samþykkt aðalskipulags Akureyrarbæjar.

13. Dómnefndarálit

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA gerði grein fyrir dómnefndaráli um hæfi Ragnars Stefánssonar til að gegna stöðu prófessors við viðskiptadeild. Dómnefnd mat Ragnar hæfan til að gegna stöðu prófessors. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálið.

14. Önnur mál

14.1 Háskólaráð staðfesti samning við Veðurstofu Íslands, dags. 29. desember 2005.

14.2 Lagt var fram bréf frá deildarforseta kennaradeildar þar sem hann óskar eftir því að settar verði reglur um réttindi og skyldur starfsmanna sem starfa í fleiri en einni deild. Á fundi háskólanefndar í september 1990 var fjallað um sama mál og byggt á niðurstöðu þess fundar lagði rektor til að allir kennarar sem eru skráðir starfsmenn í fleiri en einni deild geti einungis setið og greitt atkvæði á deildar-, brautar eða skorarfundum í einni deild. Eðlilegt væri að miða við að þeir sitji í þeirri deild, braut eða skor þar sem þeir inna af hendi meirihluta vinnu sinnar. Skiptist starfsskyldur þeirra jafnt á milli deilda geti þeir ákveðið hvar þeir sitja. Fastir kennarar geta tekið að sér stjórnunarverkefni í öðrum deildum, brautum eða skorum en þar sem þeir hafa heimild til að greiða atkvæði rúmist þau innan stjórnunarskyldu þeirra.

Háskólaráð samþykkti tillöguna og lítur svo á að sama regla gildi um fasta kennara og stundakennara í þessu máli.

14.3 Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að skipa Ólaf Búa Gunnlaugsson forstöðumann fasteigna og rekstrar í Öryggisnefnd háskólans í stað Jónasar Steingrímssonar sem hefur óskað lausnar.

14.4 Ingibjörg kom á framfæri eindregnum óskum deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar og kennarafundi í lagaskor um svör við því hvort og þá hvenær sett verði á fót embættispróf í lögfræði. Ingibjörg sagði að mikil vinna hefði verið lögð í skipulag námsins þar sem sérstaklega var hugað að hagkvæmni í rekstri. Hún lagði fram upplýsingar um námið og skipulag þess. Rektor lagði fram bréf frá menntamálaráðuneyti, dags. 16. janúar 2005 þar sem vísað er í beiðni háskólans um heimild fyrir náminu og því svarað að málið þarfnist nákvæmrar athugunar en reynt verði að afgreiða erindið eins fljótt og unnt er. Í ljósi brýnna hagsmuna nemenda fól háskólaráð rektor að ítreka erindið.

14.5 Ingibjörg lagði fram til upplýsinga minnisblað frá deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar þar sem reifaðar eru hugmyndir um að setja á fót rannsókn- og kennslustöðu við deildina í opinberum rétti og mannréttindum kenndri við Ólaf Jóhannesson fyrrverandi forsætisráðherra og prófessor.

14.6 Ingibjörg lagði fram til fróðleiks frá deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar upplýsingar um námsleið í heimskautarétti sem verið er að skoða í deildinni. Rektor óskaði eftir að deildarforseti sendi sér formlega erindi um málið.

14.7 Anna Þóra spurðist fyrir um hvort til væri listi yfir fulltrúa í nefndum og stjórnnum í háskólanum og hvort ekki væri rétt að hafa slíkan lista aðgengilegan á netinu. Laufeyju S. var falið að taka saman slíkan lista.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.